

1861. æruverðugi herra, 7. febrúarm., er síðast leið, hefir hans há-
27. júlím. tign konungurinn 20. þ. m. allramildilegast fallizt á:

1. að Grímstungu brauð í Húnavatnssýslu í norður- og austur-
umdæminu á Íslandi sé lagt niður sem sérstakt brauð, en
sé með kirkju þeirri, sem þar er, lagt til Undirfells í sömu
sýslu, sem annexía.
2. að báðar kirkjurnar í brauði þessu, er þannig verði sam-
einað, skuli vera lènskirkjur (beneficiair-kirkjur), og að
prestinum á Undirfelli sé lögð á herðar ábyrgð á því, að
þeim sé við haldið eins og vera ber.

Þetta sé yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, og
yður háæruverðugi herra, sjálfum yður til leiðbeiningar og til
frekari framkvæmdar.

9. ágústm. **43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um „litla varningsbók“.**

Um leið og dómsmálastjórnin sendir yður, herra stiptamt-
maður, 600 exempl. af bók, er Jón skjalavörður Sigurðsson hefir
samið, og gefin hefir verið út á kostnað stjórnarráðsins, um vöru-
afla á Íslandi og vöruverkun („Lítill varningsbók“), eruð þér beðnir
að útbýta ókeypis 150 exemplörum af bókinni, á þann hátt, er
yður þykir best við eiga, einkum til dugandis bænda í sudur-
umdæminu, en hlutast til um, að þau 450 exemplör, sem þá
eru eptir, verði höfð á boðstólum fyrir söluverð, er þykir hæfi-
lega metið til 40 skildinga á hverri bók.

Um það, hvernig út býtt verði bókinni og um sölu hennar,
ber að gjöra skýrslu og reikning, og senda hingað¹.

1) Sama dag voru amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu og
amtmanninum yfir vesturumdæminu á Íslandi send 150 exemplör
af bók þessari, hvorjum fyrir sig, til gefins útbýtingar.